

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á byggingarreit fyrir ráðhús Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. mars 1988 fallist á og staðfest, sbr. 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu frá staðfestu deiliskipulagi á byggingarreit ráðhúss sem sýnd er á uppdrætti Borgarskipulags Reykjavíkur, dagsett 7. mars 1988.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1988.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 142 11. mars 1988 um jöfnunargjald.

#### 1. gr.

Við upptalningu 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirtalin tollskrárnúmer:

1604.2019	1604.3005,	1605.4001,	1605.4009,	1605.9012,
1605.9021,	1605.9029,	2208.1009,	2513.1101,	2513.1102,
2513.1109,	3003.9001,	3820.0000,	3917.3300,	3917.3900,
3926.9024,	5109.1001,	5109.1002,	5109.1009,	5703.1001,
6104.5300,	6204.4100,	6212.1000,	7326.9011,	7326.9019,

#### 2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr 2. gr. reglugerðarinnar:

2208.1000, 2513.1100, 3003.9004, 3926.9022, 5109.1000, 7326.9007 og 7326.9009.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1988.*

F. h. r.  
**Sigurgeir Jónsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*